

þá. Með því að það samkvæmt framansögðu er ósannað, að áfryjandi eigi neina þá kröfu á hendur Landsbankanum, er heimili honum rétt, eftir að umboðsmensku hans fyrir bankann er lokið, til að halda fyrir bankastjórninni verzlunarbókum þeim og skjölum, er teknar voru úr vörzlum hans með fógetagjörð 21. okt. f. á., verður að telja gjörð þessa lögmeða, og ber því að staðfesta hana, svo og hinn áfryjaða úrskurð.

Eftir málavöxtum er rétt að áfryjandi greiði hinum stefndu málskostnað og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði úrskurður og fógetagjörð skal óraskað. Áfryjandinn Einar M. Jónasson greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. dag marzmán.

Nr. 68/1910.

Ólafur Björnsson  
gegn

Lárusi H. Bjarnason.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur hinn stefndi lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason gegn áfryjandanum Ólafi Björnssyni ritstjóra blaðsins Ísafoldar fyrir

meiðyrði um sig í grein með yfirskriftinni L. H. B. í 64. tölublaði. 36. árgangs téðs blaðs, er út kom 29. sept. 1909, en ummælin, sem átalín voru af stefnda, voru þau, að stefndi væri »höfundur einhverra ógeðslegustu sörp-greinanna, sem íslenzk tunga hefir verið notuð til«. Var málið dæmt á bæjarþinginu 20. okt. f. á. þannig, að ummælin voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn dæmdur samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða sekt fyrir þau til landssjóðs 30 kr. eða sæta til vara 6 daga einföldu fangelsi. Svo var og áfrýjandinn með dóminum sektaður um 8 kr. til landssjóðs fyrir óparfa þrætu og dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 15 kr.

Dómi þessum og 2 úrskurðum, er kveðnir hafa verið upp meðan á málinu stóð 15. sept. f. á., hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. nóv. f. á. og krafist þess, að hinum áfrýjuðu úrskurðum verði hrundið og breytt samkvæmt kröfu hans fyrir bæjarþinginu og málinu vísað heim til nýrrar og betri meðferðar frá uppkvaðningu hins fyr fallna úrskurðar, eða til vara, að öðrum þeirra verði hrundið og breytt samkvæmt því er nú var sagt, og málinu vísað heim til nýrrar og betri meðferðar frá uppkvaðningu hans. En til vara krefst hann þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda fyrir undirrétti. Og loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá stefnda, hvernig sem málið fer.

Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar af hendi áfrýjanda eftir mati yfirdómsins.

Viðvíkjandi hinum áfrýjuðu úrskurðum er það að

segja, að áfryjandinn (stefndi fyrir bæjarþingsréttinum) taldi sig geta fært sér til réttlætningar eða afbötunar hinum umstefndu ummælum það, að þau væru sönn, eða að stefndi hefði gefið sér tilefni til þeirra, með því að rita og láta birta í blaðinu »Reykjavík«, sumpart án leyfis ritstjóra þess blaðs eða jafnvel í banni hans nafnlausar eða dulnefndar greinar, þar sem ráðist væri með illyrðum og ósannindum svo freklega á hann og föður hans (ráðherrann), að greinar þær mættu teljast ógeðslegri og sorpkendari en greinar, er birst höfðu í öðrum blöðum, er hin umstefndu ummæli voru rituð, og fór hann því fram á, til þess að færa sönnur á þessa fullyrðingu sína um höfundskap stefnda, að spurning væri lögð fyrir vitnið prentsmiðjustjóra Þorvarð Þorvarðsson (sbr. undirréttarskjal nr. 18, 2) þess innihalds, hvort vitninu væri kunnugt um, að stefnandi (L. H. B.) væri höfundur þar upptalinna greina í 10. árg. Reykjavíkur. En dómariinn úrskurðaði þá samkvæmt mótmælum stefnda, að spurningin yrði eigi lögð fyrir vitnið, sökum þess að svar vitnisins við þeirri spurningu virtist þýðingarlaust fyrir málið.

Þessi ástæða, sem var eina mótbáran, sem teljandi er frá stefnda hálfu gegn vitnaspurningunni, verður þó eigi talin nægileg til að hamla því, að áfryjandinn fái umrædda spurningu lagða fyrir vitnið, því að það virðist ekki verða staðhæft, eins og málið lá fyrir og liggur enn, að það geti engin áhrif haft á úrslit málsins hvernig vitnið hefði svarað spurningunni og áfryjandinn átti því heimting á að vitnið væri krafði svars um hana. Það verður því að breyta hinum áfryjaða úrskurði þannig, að dómariinn sé skyldur að leggja 2. spurninguna á undirréttarskjali nr. 18 fyrir vitnið Þorvarð Þorvarðsson og vísa málinu heim

til nýrrar og löglegrri meðferðar upp frá því, er það málsatriði var tekið undir úrskurð og til nýrrar dómshleggingar á síðan.

Kostnaður af málskotinu virðist eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur, og ber undirdómaranum að leggja 2. spurninguna á undirréttarskjali nr. 18 fyrir vitnið Þorvarð Þorvarðsson og taka málið upp til nýrrar og löglegrri meðferðar upp frá því. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 72/1910:

Stefán Stefánsson  
gegn

Birni Lindal f. h.

Snæbjörns Björnssonar.

D ó m u r:

Samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 30. nóv. f. á. átti að taka þetta mál fyrir í yfirdóminum mánudaginn 6. þ. m., en áfrýjandi mætti þá eigi eða lét mæta af sinni hendi. En af hálfu stefnda kom í réttinn Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist ómaksbóta handa honum fyrir að láta mæta árangurslaust í málinu. Þessa kröfu ber að taka til greina samkvæmt N. L.